

Fundargerð aðalfundar Sýnar hf. 26. mars 2026

Fimmtudaginn 26. mars 2026 var aðalfundur Sýnar hf. haldinn rafrænt í gegnum aðalfundakerfi Lumi AGM. Hluthafar áttu þess jafnframt kost að mæta í höfuðstöðvar félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík, þaðan sem fundinum var streymt. Fundurinn hófst kl. 15:00.

Setning fundar – kjör fundarstjóra og fundarritara og lögmæti fundar

Hákon Stefánsson, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Hákon lagði til að Viðar Lúðvíksson lögmaður yrði kjörinn fundarstjóri. Tillagan var samþykkt og fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Fundarstjóri gerði tillögu um að Sara Bryndís Þórsdóttir lögmaður yrði kjörin fundarritari og var tillagan samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir fundarboðun en til fundarins var boðað með auglýsingu sem birtist í Kauphöll og á heimasíðu félagsins 5. mars 2026. Með fundarboðinu fylgdi dagskrá, ályktunartillögur til fundarins, skýrsla og tillögur tilnefningarnefndar og upplýsingar um réttindi hluthafa. Þann 12. mars 2026 birtist auglýsing með sama hætti með endanlegri dagskrá fundarins og tillögum fyrir hann. Endanlegar upplýsingar um framboð til stjórnar, varastjórnar og tilnefningarnefndar birtust á vef félagsins þann 22. mars 2026. Enginn hluthafi á fundinum hafði athugasemdir við hvernig boðað hafði verið til fundarins. Fundarstjóri lýsti því yfir að hann teldi að boðað hefði verið til fundarins með lögmætum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 13. gr. samþykkta félagsins og lýsti fundinn lögmætan.

Til fundarins var mætt fyrir 28 hluthafa sem halda á 217.413.403 hlutum, eða sem nemur 87,79% heildarhlutfjár í félaginu. Fundinn sátu jafnframt núverandi stjórnarmenn félagsins og forstjóri auk annarra úr framkvæmdastjórn þess. Þá sat fundinn endurskoðandi frá endurskoðendafirma félagsins, KPMG hf.

Fundarstjóri greindi frá dagskrá fundarins eins og hún lá fyrir.

Fundarstjóri tók fram að fundargestum gæfist kostur á að taka til máls undir öllum dagskrárliðum. Fundarstjóri benti á að auk þess væri unnt að senda skilaboð og fyrirspurnir með rafrænum hætti til fundarstjóra í gegnum rafræna kerfið. Fundarstjóri kynnti að atkvæðagreiðsla færi eingöngu fram rafrænt. Fundarstjóri vakti athygli á því að opnað hefði verið fyrir atkvæðagreiðslu fyrir allar fyrirliggjandi tillögur við setningu fundarins, að undanskilinni tillögu skv. dagskrárlið númer 9 um kosningu stjórnar, en benti jafnframt á að breytingartillögur kynnu að koma fram á fundinum, sem gæti haft í för með sér breytta eða frekari atkvæðagreiðslu. Fundargestum væri hins vegar unnt að breyta eða uppfæra atkvæði sín allt þar til lokað yrði fyrir atkvæðagreiðslu um viðkomandi tillögu. Eftir kynningu á hverri tillögu fyrir sig yrði atkvæðagreiðslu vegna hennar lokað og úrslit atkvæðagreiðslunnar kynnt strax í framhaldinu. Engar athugasemdir voru gerðar við framangreint að hálfu fundargesta.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári

Hákon Stefánsson, stjórnarformaður félagsins kynnti skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið starfsár. Í máli Hákonar kom meðal annars fram að árið 2025 hafi verið ár nauðsynlegra ákvarðana. Rekstur félagsins hafi um árabíl verið áskorun og reksturinn orðinn fullflókinn.

Árið 2024 hafi því farið í stefnumótun sem lagði línurnar fyrir 2025. Stjórnin hafi staðið fram fyrir skýru vali: annað hvort að halda áfram með sífellt flóknara rekstrarlíkan eð að einfalda reksturinn og taka skýrar ákvarðanir um hvað ætti að tilheyra kjarnastarfsemi félagsins. Einfaldari leiðin hafi verið valin. Í því hafi meðal annars falist að vera með eitt skýrt vörumerki og að fækka vörum, sem voru hátt í hundrað, niður í sex skýra valkosti.

Hákon upplýsti að félagið hafi dregist inn í fjarskiptamál vegna Enska boltans en samkomulag hafi náðst við Símann hf. um endursölu á boltanum og öðru efni. Þannig hafi línurnar verið lagðar línurnar fyrir framtíðina. Þá hafi stórum áfanga verið náð tengdum Sendafélaginu með sölu á 4G og 5G dreifikerfi Sýnar og Nova til Sendafélagsins í lok ársins 2025. Með því hafi verið stigið skref í átt að breyttu skipulagi markaðarins til framtíðar.

Starfsþáttagreining hafi verið innleidd sem hafi gert félaginu kleift að sjá hvað væri að skila jákvæðri afkomu og hvað ekki. Niðurstaðan hafi verið skýr og sýnt fram á að fjarskiptin standi traustum fæti á meðan áskoranir séu í fjölmiðlarekstrinum.

Hákon tók fram að eftir mikinn mótbyr hafi fjórði ársfjórðungur ársins 2025 verið einn sá besti í kjarnarekstri Sýnar frá árinu 2019. Það staðfesti að ákvarðanir sem teknar hafi verið á árinu hafi styrkt grunn félagsins og sett það í betri stöðu til að horfa fram á við.

Ef horft væri á stöðuna í dag væri nú þegar búið að undirbúa skilmálaskjal við Símann hf. um rekstur vefmiðla og útvarps.

Að lokum þakkaði Hákon forstjóra og stjórnendateymi félagsins fyrir gott samstarf, sem og starfsfólki félagsins. Þá þakkaði Hákon hluthöfum fyrir traustið, þolinmæðina og fyrir að hafa trú á félaginu.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar

Herdís Dröfn Fjeldsted, forstjóri félagsins, fór yfir ársreikning og rekstur félagsins á reikningsárinu 2025. Herdís kvað árið 2025 hafa verið ár mikilla breytinga. Mikil greiningarvinna hafi farið fram árið 2024 og árið 2025 hafi sú vinna verið innleidd en í henni hafi falist mikil einföldun á rekstrinum. Margir hafi tekið þátt í þeirri vinnu sem hafi verið lykilverkefni fyrir félagið.

Herdís ræddi að félagið hefði tryggt sér útsendingar á ensku úrvaldsdeildinni. Það væri dýrt og væri í raun ekki aðgreiningarvara þar sem allir gætu nýtt sér aðgang að henni óháð því hvort þeir væru í áskrift hjá félaginu. Herdís ræddi einnig þjónustu Já+. Herdís ræddi starfsþáttagreiningu, sem öll áætlanagerð væri unnin út frá og rýnd svo unnt væri að bregðast hratt við.

Herdís ræddi aðkomu Fjarskiptastofu að málefnum félagsins og ágreiningsmál þar að lútandi. Herdís nefndi að réttara væri að semja til lengri tíma fremur en að standa í dómsmálum. Stefnt væri að því að skrifa undir samning til framtíðar sem ætlað væri að eyða óvissu.

Herdís nefndi að áskoranir væri allar á miðlahliðinni í rekstri félagsins. Þá væri sjóræningjastarfsemi skaðleg, en á sama tíma yrði rekstur RÚV umfangsmeiri.

Herdís tók fram að síðasti fjórðungur ársins 2025 hafi verið mjög sterkur og það væri afleiðing af því sem unnið hafi verið að fram til þess tíma.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar undir atkvæði tillögu stjórnar um að fyrirbyggjandi ársreikningur félagsins fyrir árið 2025 yrði staðfestur.

Ársreikningurinn var samþykktur og staðfestur einróma án mótatkvæða.

3. Ákvörðun um hvernig skuli fara með afkomu félagsins á reikningsárinu 2025

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að ekki yrði greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2025 í ljósi afkomu undangengins rekstrarárs, fjárfestingaþarfar, markmiða fjárstýringarstefnu og ytra árferðis:

„Stjórn leggur til að ekki verði greiddur arður vegna rekstrarársins 2025, en vísar að öðru leyti til ársreiknings hvað varðar ráðstöfun á afkomu ársins og breytingu á eigin fé.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt einróma án mótatkvæða.

4. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga um óbreytta stefnu um arðgreiðslu og/eða endurkaup eigin hluta frá fyrra ári:

„Stjórn Sýnar hf. hefur markað félaginu þá stefnu að lögð skuli áhersla á að félagið skili til hluthafa sinna, beint eða óbeint, þeim verðmætum sem skapast í rekstrinum á hverju ári, umfram nauðsynlegar fjárfestingar í rekstrarfjármunum. Í því skyni hefur félagið einkum þrjá valkosti: beinar arðgreiðslur, niðurgreiðslu vaxtaberandi skulda og kaup á eigin hlutabréfum. Stefnir félagið að því að skila hluthöfum verðmætum sem nema 30%-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem í kjölfar sölu eigna, stefnir félagið á að skila hluthöfum verðmætum umfram framangreind viðmið. Endanlegt framlag hvers árs mun ráðast af fjárhagslegri stöðu félagsins, fjárfestingaþörf og markaðsaðstæðum.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt einróma án mótatkvæða.

5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga um starfskjarastefnu félagsins.

„Stjórn Sýnar hf. Leggur til við aðalfund þann 26. mars 2026 að uppfærð starfskjarastefna verði samþykkt. Nánar tiltekið að 3.-5. mgr. í gr. 4.1, um kaupauka, orðist svo:

„Hámark kaupaukagreiðslna samkvæmt framansögðu skal að jafnaði nema allt að sex mánaða grunnlaunum hlutaðeigandi starfsmanns. Stjórn félagsins getur sett viðbótar árangursviðmið fyrir forstjóra í tengslum við samþykkt rekstraráætlun.

Þrátt fyrir framangreint er stjórn félagsins, að fenginni umsögn starfskjaranefndar, heimilt að setja á fót sérstakan og tímabundinn kaupauka til viðbótar við framangreindar kaupaukagreiðslur fyrir forstjóra og lykilstarfsmenn vegna sérstakra, fyrir fram ákveðinna virðisskapandi ákvarðana sem eiga sér stað á árunum 2026 og 2027. Forsenda slíkrar heimildar skal vera háð því að ákvarðanir hafi veruleg jákvæð áhrif á virði félagsins til lengri tíma litið og tengjast stefnumarkandi samningum eða öðrum umbreytandi ráðstöfunum. Skal slíkur tímabundinn kaupauki aðeins greiddur út ef ákveðin fyrirfram skilgreind markmið eða viðmið nást. Endanleg fjárhæð slíks sérstaks og tímabundins kaupauka skal að hámarki samsvara 8 mánaða grunnlaunum hlutaðeigandi starfsmanns á umræddu 2ja ára tímabili. Stjórn er heimilt að haga skiptingu umrædds kaupauka á þann hátt að hagsmunir félagsins séu best tryggðir og því þarf hann ekki að dreifast jafnt yfir tímabilið. Heimild þessi fellur sjálfkrafa úr gildi 31. desember 2027 og verður ekki framlengd nema með samþykki aðalfundar. Þá skal þessi tímabundna heimild ekki ná til ákvarðana eða árangurs sem fellur undir kaupaukagreiðslur sem tengjast samþykktri rekstraráætlun.

Í slíkri kaupaukaáætlun, og eftir atvikum samningi sem er gerður við hlutaðeigandi starfsmenn um sérstakar kaupaukagreiðslur, skal meðal annars kveðið á um skilyrði fyrir greiðslu kaupauka, viðmið og hámarksfjárhæð kaupauka fyrir hvert markmið.“

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Gunnar Þór Ásgeirsson, fyrir hönd Gildis lífeyrissjóðs, tók til máls og óskaði meðal annars eftir nánari skýringum á kaupaukakerfinu og hvort ætlun stjórnar væri að úthluta sérstökum kaupauka á grundvelli þessa sérstaka kaupaukakerfis.

Hákon Stefánsson, stjórnarformaður félagsins, tók til máls og upplýsti að lykilatriðið væri að hugmyndin væri ekki að umbuna á tvenns konar máta fyrir sama árangurinn. Varðandi kaupréttina hafi verið gerðir samningar við stjórn félagsins árið 2024 fyrir 2/3 sem voru þá til ráðstöfunar. Frá þeim tíma hafi kaupaukagreiðslum ekki verið ráðstafað en rétturinn sé háður því hvernig gangi hjá félaginu. Mjög ströng skilyrði séu til staðar hvað þetta varði og hugmyndin sé ekki sú að verið sé að nota margar leiðir til að umbuna fyrir sama hlutinn. Það sé grundvallaratriðið.

Fundarstjóri gaf orðið aftur laust. Enginn annar tók til máls.

Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt einróma án mótatkvæða.

6. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum (sem getið verður í viðauka við samþykktir félagsins)

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum:

„Aðalfundur Sýnar hf. haldinn 26. mars 2026 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu, setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Tilgangur félagsins með endurkaupum er að lækka hlutafé félagsins og/eða að gera félaginu kleift að standa við skuldbindingar sínar skv. kaupréttarsamningum við starfsmenn. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn tók til máls. Fundarstjóri tók fram að yrði tillagan samþykkt yrði hennar getið í viðauka við samþykktir félagsins til upplýsinga fyrir hluthafa félagsins og aðra í samræmi við ákvæði 30. gr. samþykkt félagsins. Heimild til handa stjórn félagsins til kaupa fyrir hönd félagsins á hlutum í félaginu væri hins vegar sem slík ekki breyting á samþykktum félagsins og því nægði meirihluti greiddra atkvæða til að veita umrædda heimild. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt einróma án mótatkvæða.

7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir komandi starfsár

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga um þóknun til stjórnarmanna:

„Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:

- a) Stjórnarformaður fái kr. 660.000 á mánuði
- b) Varaformaður fái kr. 495.000 á mánuði
- c) Aðrir stjórnarmenn fái kr. 330.000 á mánuði
- d) Varastjórnarmenn fái kr. 130.000 fyrir hvern setinn fund
- e) Formenn undirnefnda og tilnefningarnefndar fái kr. 130.000 á mánuði

- f) Aðrir nefndarmenn undirnefnda og tilnefningarnefndar fái kr. 70.000. á mánuði, sbr. þó g. liður
- g) Utanaðkomandi ráðgjafar undirnefnda og tilnefningarnefndar, fái greitt á grundvelli samþykktis tilboðs. Greiðslur til endurskoðenda skulu jafnframt vera samkvæmt samþykktu tilboði.“

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt einróma án mótatkvæða.

8. Tilnefningarnefnd gerir grein fyrir skýrslu sinni

Pröstur Olaf Sigurjónsson, formaður tilnefningarnefndar, kynnti skýrslu og tillögu tilnefningarnefndar.

Eftirtaldir aðilar voru tilnefndir af hálfu tilnefningarnefndar til setu í stjórn félagsins:

- Hákon Stefánsson
- Heiðrún Lind Marteinsdóttir
- Kjartan Briem
- Petrea Ingileif Guðmundsdóttir
- Ragnar Páll Dyer

Eftirtaldir aðilar voru tilnefndir af hálfu tilnefningarnefndar til setu í varastjórn félagsins:

- Daði Kristjánsson
- Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

9. Kosning stjórnar félagsins

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í stjórn félagsins:

- Hákon Stefánsson
- Heiðrún Lind Marteinsdóttir
- Kjartan Briem
- Petrea Ingileif Guðmundsdóttir
- Ragnar Páll Dyer
- Rannveig Eir Einarsdóttir

Fundarstjóri gaf frambjóðendum kost á að kynna sig. Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Þá gaf fundarstjóri orðið laust. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri upplýsti að krafa hefði borist frá Gildi lífeyrissjóði þann 18. mars 2026 um að stjórnarkjör færi fram með margfeldiskosningu, sbr. c-lið 6. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995. Gildi lífeyrissjóður réði yfir meira en 10% hlutafjár í félaginu, svo sem áskilið væri í 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög og 17. gr. samþykka félagsins og krafa lífeyrissjóðsins hefði komið fram innan lögmæltra tímafresta, þ.e. áður en fimm dagar voru til fundarins, sbr. 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög. Því færi kosningin fram með margfeldiskosningu. Fundarstjóri skýrði reglur og fyrirkomulag margfeldiskosningar og bauð því næst fundargestum að greiða atkvæði um kjör stjórnar.

Þau fimm sem hlutu flest atkvæði og voru þar með kjörin í stjórn félagsins voru:

1. Petrea Ingileif Guðmundsdóttir
2. Hákon Stefánsson
3. Ragnar Páll Dyer
4. Heiðrún Lind Marteinsdóttir
5. Rannveig Eir Einarsdóttir

Í framboði til varastjórnar voru eftirtaldir aðilar:

- Daði Kristjánsson
- Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir

Sjálfkjörið var í framangreind tvö sæti í varastjórn.

Fundarstjóri óskaði stjórnarfólki og varastjórnarfólki til hamingju með kjörið.

10. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar

Fundarstjóri kynnti að eftirtaldir aðilar gæfu kost á sér til setu í tilnefningarnefnd félagsins:

- Guðríður Sigurðardóttir
- Þróstur Olaf Sigurjónsson

Fundarstjóri kannaði hvort einhver óskaði eftir að taka til máls undir þessum dagskrárlið. Svo var ekki.

Sjálfkjörið var í framangreind tvö sæti í tilnefningarnefnd. Fundarstjóri óskaði Guðríði og Þrósti til hamingju með kjörið.

11. Tillaga stjórnar að endurskoðunarfirma félagsins

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að KPMG ehf. yrði kjörið endurskoðunarfélag félagsins.

Fundarstjóri bauð fundargestum að taka til máls um tillöguna og um dagskrárliðinn. Enginn óskaði eftir að taka til máls. Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt einróma án móttakvæða.

12. Tillaga stjórnar um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd

Fyrir fundinum lá tillaga um að Erik Ingvar Bjarnason, löggiltur endurskoðandi, yrði kosinn utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd.

Fundarstjóri bauð fundargestum að taka til máls um tillöguna og um dagskrárliðinn. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

Erik Ingvar Bjarnason var sjálfkjörinn sem utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd.

13. Fyrirhuguð viðskipti með vefmiðla og útvarp Sýnar hf. – til kynningar

Herdís Dröfn Fjeldsted, forstjóri félagsins tók til máls og kynnti áform félagsins um sölu vefmiðla og útvarps félagsins. Herdís upplýsti að þetta væri hluti af stefnumótandi endurskipulagningu félagsins. Um væri að ræða mikilvægt skref þar sem að félagið væri skuldsett og þetta væri leið til að einfalda reksturinn og styrkja efnahagsreikning félagsins til framtíðar.

Forstjóri upplýsti að áreiðanleikakönnun stæði nú yfir og að hluthafar yrðu upplýstir þegar nánari upplýsingar lægju fyrir. Horft væri til þess að klára kaupsamning fyrir sumarið 2026.

Fundarstjóri bauð fundargestum að taka til máls undir þessum dagskrárlið. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

14. Önnur mál löglega upp borin

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum. Fundarstjóri gaf orðið laust um önnur mál.

Óttar Guðjónsson, hluthafi í félaginu, tók til máls. Óttar upplýsti um að hann hefði verið skipaður í nefnd til að skoða tekjugrunn RÚV. Hann hafi áður haft sterkar skoðanir á fjölmiðlinum en ekki gert sér grein fyrir því hversu alvarleg samkeppnisbrot væru stunduð þar að staðaldri. Það kæmi fram í lögum að sá aðili sem þiggi ríkisstyrki megi ekki nota þá styrki til að keppa á samkeppnismarkaði. Samkeppniseftirlitið hafi skrifað

skýrslu um að þessi starfsemi RÚV væri brot á lögum. Viðbrögð við því hafi verið að stofna skúffufyrirtæki utan um auglýsingarnar. Óttar upplýsti um að hann vilji brýna stjórnendur félagsins, forstjóra og yfirstjórn til að láta brot þessi ekki viðgangast átölulaust. Tillagan sem nú væri verið að kynna um að fjölmiðlar á markaði sem keppi við RÚV njóti hluta af auglýsingatekjum kóróni brotið. Brotapoli sé þannig farinn að fá ávinning af því og klappi fyrir brotinu. Óttar tók fram að hann hvetji stjórnendur til að mótmæla þessu harðlega því þetta sé hróplega ósannjarnt.

Fundarstjóri bauð fundargestum að taka til máls. Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Fundarstjóri bauð fundargestum því næst að fundargerðin yrði lesin upp og fundargestum gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana, en enginn fundargesta óskaði þess. Upplestri var því sleppt.

Fundarstjóri þakkaði viðstöddum fyrir sitt framlag, óskaði stjórnarfólki og öðrum til hamingju með kjörið og þakkaði ritara fundarins fyrir hennar störf.

Fleira var ekki gert og var aðalfundi félagsins slitið kl. 16:36.

Viðar Lúðvíksson fundarstjóri

Sara Bryndís Þórsdóttir fundarritari

Undirritunarsíða

Viðar Lúðvíksson

Sara Bryndís Þórsdóttir